

AUGLÝSING

um breytingu á gjaldskráum rafveitna.

Samkvæmt 25. gr. orkulaga nr. 58, 29. apríl 1967, sbr. og lög nr. 6, 27. febrúar 1989, um breytingu á lögum nr. 56, 16. maí 1978 um verðlag, samkeppnishömlur og óréttmæta viðskiptahætti, hefur Verðlagsstofnun heimilað og ráðuneytið staðfest eftirfarandi breytingar á gjaldskráum rafveitna er taki þegar gildi:

Gjaldskrá Hitaveitu Suðurnesja fyrir raforku, nr. 320, 28. júní 1988. Allir liðir gjaldskrárinnar hækki um	8,0%
Gjaldskrá Rafveitu Borgarness, nr. 386, 25. júlí 1988. Allir liðir gjaldskrárinnar hækki um	8,0%
Gjaldskrá Rafveitu Sauðárkróks, nr. 389, 25. júlí 1988. Allir liðir gjaldskrárinnar hækki um	8,0%
Gjaldskrá Rafveitu Siglufjarðar, nr. 375, 25. júlí 1988. Allir liðir gjaldskrárinnar hækki um	8,0%
Gjaldskrá Rafveitu Akureyrar, nr. 318, 28. júní 1988. Allir liðir gjaldskrárinnar hækki um	8,0%
Gjaldskrá Rafveitu Húsavíkur, nr. 390, 25. júlí 1988. Allir liðir gjaldskrárinnar hækki um	8,0%
Gjaldskrá Rafveitu Hveragerðis, nr. 372, 25. júlí 1988. Allir liðir gjaldskrárinnar hækki um	5,0%

Iðnaðarráðuneytið, 1. mars 1989.

F. h. r.

Kristmundur Halldórsson.

Guðrún Skúladóttir.

SAMPYKKT

um forkaupsrétt Kópavogskaupstaðar að fasteignum innan sveitarfélagsins.

Samkvæmt heimild í lögum nr. 22/23. júní 1932 og 26. gr. skipulagslaga nr. 19/21. maí 1964 hefur bæjarstjórn Kópavogskaupstaðar gert eftirfarandi samþykkt:

„Bæjarstjórn Kópavogskaupstaðar samþykkir samkvæmt heimild í lögum nr. 22/1932 og 26. gr. laga nr. 19/1964 að áskilja Kópavogskaupstað forkaupsrétt að eftirtöldum fasteignum innan sveitarfélagsins:

Jörðinni Smárahvammi

Jörðinni Vatnsenda

Jörðinni Gunnarshólma

Jörðinni Geirlandi

Jörðinni Geirlandi II

Geirlandi, Miðmundarmýri og Miðmundarhólum.

Ennfremur eftirgreindum eignarlöndum úr jörðinni Lækjarbotnum:

Lbl. 31 Seli

Lbl. 32 Selfjallaskála

Lbl. 33 Landi Skátasambands Reykjavíkur

Lbl. 46 Hamri

Lbl. 54 Núpstúni

Lbl. 57 Sumarbústað Núpstúnslandi

Lóð Ívars Bjarnasonar, Skippholti 8, skv. heimildarbréfi dags. 1.11.1963.“

Samþykkt þessi öðlast þegar gildi og gildir í 5 ár frá dagsætningu hennar að telja.

Félagsmálaráðuneytið, 14. febrúar 1989.

F. h. r.

Berglind Ásgeirsdóttir.

Hólmfríður Snæbjörnsdóttir.

REGLUGERÐ

um uppgjör á vangoldnum tekjuskatti og eignarskatti.

1. gr.

Innheimtumönnum ríkissjóðs og gjaldheimtum er heimilt að semja við einstaklinga, sem ekki höfðu aðrar tekjur en þær sem um ræðir í 1. mgr. 1. tl. A-liðs 7. gr., 2.–4. tl. A-liðs 7. gr. og C-liðs 7. gr. laga nr. 75/1981, um tekjuskatt og eignarskatt, með síðari breytingum, á þeim tíma sem skuldin myndaðist, um greiðslu á álögdum tekjuskatti og eignarskatti ársins 1987 og fyrri ára, sem er í vanskilum 1. mars 1989, samkvæmt því sem fyrir er mælt í reglugerð þessari.

Þeir sem skulda skatt af tekjum af atvinnurekstri eða sjálfstæðri starfsemi, sbr. 2. mgr. 1. tl. A-liðs 7. gr. og B-lið 7. gr. laga nr. 75/1981, eiga ekki kost á að gera upp vanskilin samkvæmt ákvæðum reglugerðar þessarar.

2. gr.

Þeir sem óska eftir því að fá að greiða vangoldin gjöld sem um ræðir í 1. gr. skulu sækja um það á sérstökum umsóknareyðublöðum sem liggja frammi hjá viðkomandi innheimtuaðila.

Í umsókn skal getið um tekjur umsækjanda og maka hans á árinu 1988 og jafnframt skal því lýst yfir af umsækjanda að álagning gjalda sem hér um ræðir sé ekki til meðferðar hjá skattstjóra, ríkisskattstjóra, ríkisskattanefnd eða dómstólum.

Með umsókn skulu fylgja eftirtalin gögn:

- Vottorð skattstjóra um að viðkomandi aðili hafi ekki haft aðrar tekjur en getið er um í 1. gr. á því tímabili sem um ræðir. Með vottorði skattstjóra skal fylgja ljósrit af álagningarblaði vegna umræddra ára.
- Staðfest ljósrit af skattframtali ársins 1988.

Umsóknarfrestur er til 15. apríl 1989. Umsóknum skal skilað til þess innheimtuaðila sem hefur skuldina til innheimtu. Ef umsækjandi er í vanskilum við fleiri en einn innheimtuaðila verður hann að senda inn umsókn til hvers þeirra um sig.